

FRÉTTABRÉF FYRIR FÉLAGSMENN

1. tbl. 3. árg. júní 2017. Ábyrgðarmaður Skúli Björn Gunnarsson



Stefán Bogi Sveinsson, leiðsögumaður og bílstjóri í fræðsluferðinni ásamt Guðrúnu Helgu Stefánsdóttur frá Borgarsögusafni. Franskir sjómenn frá síðustu öld í baksýn. Ljós. SBG.

FRÉTTIR AF AÐALFUNDI OG FRÆÐSLUFERÐ

Dagana 30. mars til 1. apríl efndu samtökin til fræðsluferðar til Austurlands. Komið var við hjá aðilum í söguferðaðþjónustu á Héraði og Fjörðum og hlýtt á fræðsluerindi. Ferðin hófst á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal að kvöldi fimmtudags með baðstofustemningu. Daginn eftir var Skriðuklaustur heimsótt og litið við í Snæfellsstofu og á minjasvæði áður en hlýtt var á nokkur erindi í Gunnarshúsi. Eftir hádegi var síðan ekið sem leið liggur niður í Stríðsárasafnið á Reyðarfirði. Þaðan var haldið á Franska safnið á Fáskrúðsfirði og komið við í Gamla Kaupfélaginu á Breiðdalsvík á leið til Djúpavogs. Tekið var á móti hópnum í Löngubúð þar sem morguninn eftir var

hlýtt á áhugaverða nálgun Djúpavogsbúa á ferðaðþjónustu og skipulag gegnum Cittaslow. Á leið til baka upp í Hérað var komið við að Stöð í Stöðvarfirði þar sem spennandi fornleifar hafa fundist. Síðasta stopp var síðan í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Aðalfundur samtakanna var haldinn á Hótel Framtíð að morgni laugardagsins. Helstu niðurstöðutölur ársreiknings eru:

Tekjur	6.464.154 kr.
Gjöld	7.175.344 kr.
Halli m.t.t. fjárml.	(755.591 kr.)
Eigið fé í lok árs 2016	1.030.527 kr.

Formaður og stjórn voru endurkjörin á aðalfundinum.

sér millibilsástand. Fóru formaður og gjaldkeri SSF á aukafund sem haldinn var hjá verkefnisstjórn samhliða aðalfundi Destination Viking Association í Jörvík á Englandi í maí vegna þessa. Ljóst er að SSF verður að axla sína ábyrgð á vinnupakka miðlunar (WP4 - Visiting the Vikings) af fullum krafti þar sem verkþáttum verður dreift enn betur á alla aðila eftir fráfall Jimmy til að klára verkefnið með sóma á næstu tveimur árum. SSF ber m.a. ábyrgð á ljósmyndun og myndasafni verkefnisins; á teiknimyndasögugerð sem unnin er af samstarfsfólki rithöfundarins Neil Gaiman, þeim Cat Mihos og Jouni Koponen; og á að aðilar nýti sér og miðli afurðum verkefnisins. *frh. á næstu síðu.*

FRÉTTAKORN

Samningur SSF við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var endurnýjaður í mars og er sem fyrr til eins árs. Að þessu sinni lækkaði hins vegar framlagið um þriðjung. Í stað 3 m.kr. fá samtökin aðeins 2 m.kr. árið 2017.

Kynningarbæklingur SSF, sem prentaður var síðast 2015, hefur verið í dreifingu fram til þessa en upplagið er nú á þrotum. Í stað bæklingins munu samtökin dreifa í sumar **nýju prentefni, Íslandskorti**. Inn á það verða merktir þeir aðilar sem greiða kynningargjald til samtakanna. Kortinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á söguferðaðþjónustu og beina ferðamönnum inn á heimasíðu samtakanna til að afla sér frekari upplýsinga og leiðsagnar.

Facebook síða SSF lifir ([Sagatrail.Iceland](https://www.facebook.com/Sagatrail.Iceland)) og félagar eru hvattir til að koma þar á framfæri viðburðum. Hægt er að senda efni á Sigrúnu (sigrunthormar@me.com).

Instagram/sagatrail_iceland/ síða samtakanna er komin með yfir 5300 fylgjendur og fjölgar þeim stöðugt. Katarzyna Dygul hefur umsjón með henni. Ef menn luma á góðum myndum fyrir Instagram er gott að senda henni slíkar. Og munið eftir að skrá ykkur sem fylgjendur.

FOLLOW THE

VIKINGS

Evrópuverkefnið *Follow The Vikings*, sem SSF er aðili að og í ábyrgð fyrir einum vinnupakka, er nú um það bil hálfnað. Í september fóru fulltrúar frá SSF til Trelleborg í Danmörku á námsstefnu og í janúar fóru nokkrir frá SSF á námsstefnu á Hjaltlandseyjum og fengu m.a. að kynnast Up Helly Aa hátíð eyjarskeggja. Fáeinum dögum eftir námsstefnuna á Hjaltlandseyjum varð forystumaður verkefnisins, Jimmy Moncrieff, bráðkvaddur og hefur það haft í för með

FTV-NÁMSSTEFNA Á ÍSLANDI 24.-26. OKT.

Röðin er komin að Íslandi í námsstefnum *Follow The Vikings*. Dagana 23.-27. október munu fulltrúar frá samstarfsaðilum SSF í verkefninu fjölmenna til landsins og má gera ráð fyrir allt að 70 manns. Námsstefnan sjálf mun fara fram í Reykjavík og á Vesturlandi 24. og 26. október og á henni verða flutt erindi og haldin örnámskeið í því sem lýtur að vinnupakka SSF. Á undan henni verður verkefnisstjórn með fund. Að sjálfsögðu mun öllum innan vébanda SSF standa til boða að taka þátt í námsstefnunni. Menn verða þó að gera ráð fyrir að bera kostnað af því sjálfir þar sem takmarkað fé kemur í hlut SSF til að kosta þátttakendur. Send verður út sérstök tilkynning um skráningu á námsstefnuna en áhugasamir geta tekið dagana frá.



FTV-FARANDSÝNING Á VETRARHÁTÍÐ 2019

Þá er útlit fyrir að *Roadshow* eða farandviðburður sem er á vegum verkefnisins muni koma til Íslands í febrúar 2019 og verða liður í Vetrahátíð í Reykjavík. Viðræður standa yfir við Höfuðborgarstofu um það. Þessi sýning hefur ferðalag sitt í sumar í Póllandi. Í henni er unnið með trumbuslátt, dans, ljós og myndbrot en texti úr kvæðinu Höfuðlausn eftir Egil Skallagrímsson er burðarásinn. Bretinn Craig Morrisson er listrænn stjórnandi. Kjarni sýningarhópsins mun ferðast milli landa en markmiðið er að fá einnig þátttakendur á hverjum stað.

Þeir félagar sem eru áhugasamir um FTV-verkefnið setji sig endilega í samband við formann (rognvaldur@rrf.is).

ÍSLANDSKORTIÐ. Enn hægt að skrá sig!

Sýnileiki söguferðapjónustunnar er að aukast gegnum Netið og leggja samtökin megináherslu á vefinn soguslodir.is / sagatrail.is til kynningar á frábærri þjónustu og eftirminnilegum sögustöðum um land allt. Ákveðið var veturinn 2015-16 að hætta útgáfu veglegs bæklingis um aðilana en leita leiða til ódýrarari útgáfu sem lokkaði ferðamenn inn á staðina en ekki síður inn á vef samtakanna til að skipuleggja sínar ferðir betur. Úr varð að hafa þetta einfalt Íslandskort með grunnupplýsingum um þá aðila innan SSF sem eru með í kynningarefni og greiða kynningargjald. Hönnun er sem fyrr í höndum Ernest Backman og félaga. Fyrsta útgáfa kemur nú í júní og geta aðilar enn best í hópinn og tilkynnt um þátttöku til rognvaldur@rrf.is eða skuli@skriduklaustur.is. Lokafrestur til að komast inn á kortið er 16. júní.

ÁRGJALD OG KYNNINGARGJALD

Á aðalfundinum á Djúpavogi var samþykkt óbreytt gjaldskrá fyrir aðild að samtökunum og hvað er innifalið í árgjaldi annars vegar og kynningargjaldi hins vegar. Færri greiddu kynningargjald en vonir stóðu til árið 2016 og hafði það áhrif á rekstrarafkomu samtakanna þar sem gjaldið var lækkað í því augnamiði að fleiri greiddu það. Þannig átti að efla fjárhagsgrundvöll samtakanna, m.a. til að geta haft starfsmann til að þjónusta félagsmenn. Treyst er á að fleiri greiði kynningargjaldið 2017.

Árgjaldið er veltutengt og innifalið í fullri aðild er:

- grunnskráning á vefinn sagatrail.is / soguslodir.is
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF.

Árgjald 2017	Full aðild	Aukaaðild (75%)
Gjaldflokkur 1 (ársvelta allt að 10 m.kr.)	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 m.kr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

Einstaklingar með aukaaðild greiða áfram 6.000 kr.

Innifalið í 90.000 kr. kynningargjaldi er eftirfarandi:

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni
- afsláttur á auglýsingum
 - o hjá samstarfsaðilum SSF
 - o í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF
- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. TripAdvisor og Google Maps

Stjórn SSF skorar á forsvarsmenn aðila að samtökunum að greiða kynningargjaldið ofan á árgjaldið til að auka tekjur samtakanna og gera okkur kleift að endurráða Katarzynu Dygul seinni hluta árs 2017. Árangurinn af starfi hennar 2016 er ótvíræður. Hún gerði m.a. ferðatillögur fyrir alla landshluta sem hægt er að sækja á vefinn sagatrail.is. Umferð um síðuna hefur aukist jafnt og þétt og er vaxandi Instagram kynning ein ástæðan.

Íslandsstofa er reiðubúin í samstarf um aðstöðu fyrir Katarzynu líkt og í fyrra en SSF verða að ná að kljúfa launakostnað vegna starfsins. Þess vegna er mikilvægt að allir leggist á eitt við að treysta tekjugrunninn svo að Katarzyna geti haldið áfram að aðstoða okkur við að auka sýnileika söguferðapjónustunnar.



katarzyna@islandsstofa.is

Minum á vef fyrir innra starf samtakanna: soguslodir.wordpress.com. Munið að „followa“!